



Vængir Júpiters

Kristinn Jóhann Laxdal, formaður/framkvæmdastjóri

Reykjavík, 6. júní 2024

Úrskurður: Framkvæmd leiks Vængja Júpiters og Víðis þann 24. maí 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 4. júní 2024, var tekin fyrir greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ vegna framkvæmdar á leik Vængja Júpiters og Víðis í 3. deild karla og framkomu einstaklings á vegum Vængja Júpiters. Í samræmi við grein 21.2 í lögum KSÍ getur framkvæmdastjóri KSÍ vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar m.a. um mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau, sbr. grein 6.2. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Aga- og úrskurðarnefnd leit svo á að framkvæmd og sú framkoma sem lýst er í tilvitnaðri greinargerð framkvæmdastjóra, gæti varðað við 13. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða 44. grein laga KSÍ. Jafnframt minnti nefndin á tilmæli í Handbók leikja, samþykktari af stjórn KSÍ 13. mars 2024, er varða framkvæmd leikja í meistaraflokki. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Niðurstaða

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 4. júní 2024 lá ekki fyrir greinargerð frá Vængjum Júpiters vegna málsins. Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum, sem m.a. fela í sér myndskreið af atvikum máls, er fallist á það með framkvæmdastjóra að um hafi verið að ræða agabrot einstaklings á ábyrgð heimafélags í leik Vængja Júpiters og Víðis í 3. deild karla þann 24. maí sl. Nánar tiltekið er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfanda á vegum Vængja Júpiters í leiknum hafi verið vítaverð og hættuleg. Fellur framkoma áhorfanda Vængja Júpiters því undir ákvæði 13.9.d. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi qerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fellst einnig á það með framkvæmdastjóra að Vængir Júpiters hafi sýnt af sér vanrækslu við framkvæmd leiks í leik liðsins við Víði þann 24. maí sl. Ber félagið ábyrgð á því að nauðsynleg öryggisgæsla hafi ekki verið til staðar í leiknum, sbr. tilmæli í Handbók leikja. Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta Vængi Júpiters vegna vanrækslu við framkvæmda leiks Vængja Júpiters og Víðis þann 24. maí sl. og vegna framkomu áhorfanda í garð leikmanna, dómara og þjálfara. Þykir upphæð sektar Vængja Júpiters hæfilega ákveðin kr. 75.000,-.

Úrskurðarorð:

Vængir Júpiters skal sæta sekt að upphæð kr. 75.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson